



# ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð nr. 1907/2006 (REACH) og 1272/2008.

Útgáfa: 6.2

Dagsetning: 28. desember 2015.

## 1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

### 1.1. Vörukenni **BRENNISTEINSSÝRA 37%**

CAS-númer 7664-93-9

01-2119-8486

1.2. Tilgreind notkun Efni á rannsóknarstofum. Efnasmíði.

1.3. Söluaðili Olíuverzlun Íslands hf.  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík

Sími: 515 1000

Netfang: [olis@olis.is](mailto:olis@olis.is)

Veffang: [www.olis.is](http://www.olis.is)

### 1.4. Neyðarsímanúmer

Neyðarlínan: 112

Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

## 2. HÆTTUGREINING

### 2.1.1 Flokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 [CLP]

Flokkun Málmæting 1; H290

Húðæting 1B; H314

### 2.2. Merkingaratriði

#### 2.2.1 Merkingar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008

Hættuleg innihaldsefni: Brennisteinssýra

Hættumerki



### Viðvörðunarorð (CLP)

Hættusetningar

### Varnaðarsetningar

Hætta

H290 – Getur verið ætandi fyrir málma.

H314 – Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða.

P280 – Notið hlífðarhanska, hlífðarfatnað, augnhlífur, andlitshlífur.

P301+P330+P331 – EFTIR INNTÖKU: Skolið munninn.

EKKI framkalla uppköst.

P305+P351+P338 – BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í

nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.

P308+P310 – EF um váhrif eða hugsanleg váhrif er að ræða:

Hringið umsvifalaust í EITRUNARMIÐSTÖÐ eða lækni.

P501 – Fargið innihaldi/íláti í samræmi við gildandi lög og reglur.

### 2.3. Aðrar hættur

Hættur

Sjá lið 12.5 fyrir niðurstöður úr PBT- og vPvB-mati.

## 3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

### 3.1 Efni

Heiti	Vörukenni	Magn%	CLP-flokkun
Brennisteinssýra	CAS#: 7664-93-9 EINECS#: 231-639-5 REACH#: 01-2119458838-20	30-50	Málmæt. 1; H290 Húðæt. 1B; H314

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

## 4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHLJÁLPI

### 4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Almennt

Ef leita þarf læknis, hafið þetta öryggisblað eða merkimiða meðferðis.

Eftir innöndun

Færið viðkomandi í ferskt loft. Leitið læknis ef einkenni vara.

<b>Eftir snertingu við augu</b>	Skolið strax með miklu vatni, einnig undir augnlokum. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Leitið lækni.
<b>Eftir snertingu við húð</b>	Farið strax úr fötum og skóm sem óhreinkast af efninu. Skolið húð strax með miklu vatni. Leitið lækni.
<b>Eftir inntöku</b>	Skolið munninn. Ekki framkalla uppköst. Aldrei gefa meðvitundarlausum neitt um munn. Leitið lækni.

#### 4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

**Einkenni og áhrif** Sjá liði 2.2 og 11.

#### 4.3. Merki um þörf á bráðri lækniþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

**Bráð lækniþjónusta** Engin gögn.

### 5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

#### 5.1. Slökkvibúnaður

**Viðeigandi** Vatnsúði, alkóhólþolin froða, slökkviduft, koltvísýringur.

#### 5.2. Sérstök hættu

**Sérstök hættu** Ekki eldfimt. Getur myndað hættulegar gufur í bruna, s.s. súlfúroxíð.

#### 5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

**Ráðstafanir** Notið ferskloftstæki og viðeigandi hlífðarfatnað í bruna (galli, hanskar, andlits- og augnhlífur). Kælið nálæg ílát með vatnsúða og fjarlægjið af hættusvæðinu. Safnið slökkvivatni og fargið á viðeigandi hátt.

### 6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

#### 6.1. Öryggisráðstafanir, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir

**Ráðstafanir** Haldið óviðkomandi og óvörðum frá. Varist innöndun gufu eða úða. Tryggið næga loftræstingu.

#### 6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

**Ráðstafanir** Ekki losa í niðurföll.

#### 6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

**Aðferðir við hreinsun** Safnið með ídrægu og hvarftregu efni og fargið sem hættulegum úrgangi. Geymið í viðeigandi, merktum og luktum ílátum til förgunar.

#### 6.4. Tilvísun í aðra liði

**Aðrir liðir** Sjá liði 8 og 13.

### 7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

#### 7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

**Ráðstafanir** Ekki anda inn gufu eða úða.

**Hreinlæti** Farið úr óhreinkuðum fatnaði og leggið í vatn. Þvoið hendur og andlit eftir meðhöndlun efnisins.

#### 7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmaleika

**Geymsla** Geymið í tryggilega luktum, merktum og upprunalegum umbúðum á þurrum, köldum og vel loftræstum stað. Ílát sem hafa verið opnuð skulu endurinnsgluð og höfð í uppréttri stöðu til að hindra leka.

**Geymsluflokkur** Geymsla fyrir ætandi efni.

#### 7.3. Sérstök notkun

**Notkun** Sjá lið 1.2.

### 8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

#### 8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

**DNEL** Starfsmaður – innöndun, bráð áhrif, staðbundin: 0,1 mg/m<sup>3</sup>  
Starfsmaður – innöndun, langvinn áhrif, staðbundin: 0,05 mg/m<sup>3</sup>

**PNEC** Ferskvatn: 0,0025 mg/l  
Ferskvatn, set: 0,002 mg/kg  
Sjór: 0,00025 mg/l  
Sjór, set: 0,002 mg/kg  
Skólphreinsistöð: 8,8 mg/l

#### 8.2. Váhrifavarnir

**Tæknilegar ráðstafanir** Tryggið næga loftræstingu. Gerið ráðstafanir til að halda váhrifum undir viðmiðunarmörkum.

**Til hlífðar höndum** Efnapolnir, ógegndræpir hanskar sem uppfylla viðurkennda staðla. Viðeigandi efni: Flúorað gúmmí (0,7 mm, gegnþrengingartími: >480 mín.). Veljið hanskaefni í samráði við birgi eða framleiðanda hanskana. Athugið upplýsingar frá framleiðanda varðandi gegndræpi, gegnþrengingartíma og sérstakar vinnuáðstæður (áhrif ytri þátta, tímalengd snertingar). Skipta skal um hanska strax og vart verður við slit.

Til hlífðar augum	Sýrupolin hlífðargleraugu.
Til hlífðar húð	Sýrupolinn hlífðarfatnaður.
Til hlífðar öndun	Notið öndunargrímu með viðurkenndri síu ef loftræsting er ekki næg. Ráðlögð gerð síu: ABEK.
Til hlífðar umhverfi	Ekki losa í niðurföll.

## 9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

### 9.1. Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Útlit:	Vökvi
Litur	Litarlaust
Lykt	Lyktarlaust
pH-gildi	1,2 við 5 g/l
Bræðslumark	3°C
Eðlisþyngd	1,303 g/cm <sup>3</sup>
Gufuprýstingur	1,33 hPa við 145,8°C
Leysni	Leysanlegt í vatni
Deilistuðull	Engar upplýsingar
Skriðseigja	Engin gögn
Sprengieiginleikar	Engin gögn
Oxunareiginleikar	Engin gögn
Yfirborðsspenna	55,1 mN/m við 20°C
Eðlisþyngd gufu	3,39

## 10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

### 10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Engin gögn.

### 10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki Stöðugt við ráðlagða notkun og geymslu.

### 10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Skaðleg efnahvörf Engin gögn.

### 10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varasöm skilyrði Engin gögn.

### 10.5. Ósamrýmanleg efni

Ósamrýmanleg efni Basar, halíð, lífræn efni, karbíð, fúlminöt, nítröt, klóröt, vetnisperoxíð, perklór, fosfór.  
Hvarfast heiftarlega við: sýklópentadíen, fosfóroxíð, málmduft.

### 10.6. Aðrar hættur

Aðrar hættur Engar upplýsingar.

## 11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

### 11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Innöndun Innöndun úða getur valdið skaða á slímhúð öndunarfæra.

Inntaka Mikill sársauki, ógleði, uppköst og niðurgangur.  
Portþröng getur komið fram nokkrum vikum eftir inntöku.

Húð Ætandi.

Augu Ætandi. Getur valdið þokusýn og alvarlegum augnskemmdum.

Vansköpunaráhrif Rannsóknir á dýrum benda ekki til vansköpunaráhrifa.

## 12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

### 12.1. Eiturhrif

Eiturhrif Engar upplýsingar.

### 12.2. Þrávirkni og niðurbrjótanleiki

Þrávirkni og niðurbrot Engar upplýsingar.

### 12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun Engar upplýsingar.

### 12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Engar upplýsingar.

### 12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

PBT/vPvB Efnið er hvorki talið safnast upp í lífverum, þrávirkt eða eitrad (PBT).  
Efnið er hvorki talið mjög þrávirkt né safnast að magni upp í lífverum (vPvB).

### 12.6. Önnur váhrif

Önnur váhrif Engin gögn.

### 13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

#### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Upplýsingar	Ekki losa út í umhverfið.
Aðferðir	Fargið hjá viðurkenndum förgunaraðila í samræmi við gildandi lög og reglur.
Umbúðir	Fargið á sama hátt og efninu sjálfu.

### 14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

#### Alþjóðlegar reglur

##### - ADN/IATA/IACO

UN-númer	2796
Flokkur	8
Pökkunarhópur	II
ICAO-merkingar	8 – Corrosive
Rétt sendingarheiti	SULPHURIC ACID

##### - IMDG

UN-númer	2796
Flokkur	8
Pökkunarhópur	II
IMDG-merkingar	8 – Corrosive
EmS	F-A, S-B
Rétt sendingarheiti	SULPHURIC ACID

##### - ADR/RID

UN-númer	1830
Flokkur	8
Hættuauðkenni	80
Undanþegið magn	E2
Pökkunarhópur	II
ADR/RID-merkingar	8 – Corrosive
Rétt sendingarheiti	SULPHURIC ACID
Gangakóði	E

Flutningar búlkafarms skv. II. viðauka við MARPOL-samninginn frá 73/78 og IBC-kóða

Flutningar í búlkum Á ekki við.

### 15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

#### 15.1.1. ESB-reglur

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), með síðari breytingum.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, með síðari breytingum.

#### 15.1.2. Íslenskar reglur

- Reglugerð nr. 415/2008 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

#### 15.2. Efnaöryggismat

Mat Efnaöryggismat hefur verið gert fyrir efnið

### 16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

**Hættusetningar:** H290 – Getur verið ætandi fyrir málma.  
H314 – Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða.

**Skammstafanir:** **ADN:** Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum.  
**ADR:** Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum.  
**DNEL:** Viðmiðunarmörk fyrir váhrif.  
**EmS (neyðaráætlun):** Fyrri kóðinn vísar til viðeigandi brunaáætlunar og seinni kóðinn vísar til viðeigandi áætlunar vegna efnaleka.  
**IMDG:** Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning.  
**PBT:** Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð.  
**PNEC:** Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg.  
**REACH:** Skráning, mat, leyfisveiting og takmarkanir að því er varðar efni.  
**vPvB:** Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

**Endurskoðun** 28. desember 2015.  
**Útgáfa** 6.2  
**Gert þann** 13. janúar 2016.  
**Þýðing og uppsetning** Reynir Hjálmarsson  
**Heimild** Merck Chemicals Ltd, [information@merckchem.co.uk](mailto:information@merckchem.co.uk)